

Grænfánafundur 14. mars 2017

Mættir á fundinn voru: Karítas, Sigrún, Hafdís, Stella, Kristín, Hjördís og María.

Farið var yfir það sem var rætt á síðast fundi og teknar ákvarðanir með ýmsa þætti út frá síðasta fundi.

- Við höfum ekki náð að taka fyrir hreyfingu meðal starfsfólks og barna í útiveru á föstudögum eins og áætlað var.
- Ákveðið var að **Undraland og Draumaland** taki hreyfinu inni í sal á föstudögum kl: 9:00. Bæði starfsfólk og börn. Deildarnar skiptast á að stjórna hreyfingu. **Óskaland og Bjarmaland** taka hreyfingu saman (á eftir að finna dagsetningu með það).
- **Álfaland og Heimaland** fara út í íþróttahús einu sinni í viku og taka starfsmenn þátt í þeirri hreyfingu.
- Kristín er búin að tala við mannauðastjóra Garðabæjar og eiganda líkamsræktastöðvarinnar hér á Álftanesi um að frá ódýrara kort og tóku báðir aðilar vel í það. Hún fer á fund á fimmtudag með mannauðastjóra Garðabæjar.
- Lagt var til að fá banana inn með morgunmatnum á miðvikudögum til að bjóða með hafragrautnum á síðasta fundi. Það hefur ekki komið inn á deild, en Kiddý í eldhúsinu að það sé velkomið að koma og sækja sér ávexti til að setja út á hafragrautinn.
- Inn á samskránni er grænfánamappa og inn á henni er mappa sem heitir myndir fyrir skýrslu 2017. Endilega setjið myndir þar inn af öllu því sem þið eruð að gera tengdu Lýðheilsunni (hryefing, matartíminn, göngutúara, dans hugarró og útivera). Best væri að þetta væri búið fyrir 1. apríl.

Ákveðið var að fara yfir matsblað á úttekt fyrir komandi Grænfána.

Við komum vel út í matsblaðinu en það er ýmislegt sem þarf að huga að. Við ætlum að gera umhverfishóp barna og fá börnin til að endurskoða umhverfsissáttmála okkar. Ætlum að fá 4 börn af Álfalandi og 4 börn af Heimalandi sita að sitja í þessari nefnd með okkur.

Fundi slitið kl: 10:55

